

Reglur Kraftlyftingasambands Íslands um Þjálfararáð KRAFT

1. Þjálfararáð er skipað einum þjálfara frá hverju aðildarfélagi KRAFT. Félag sem ekki hefur á að skipa menntaðan þjálfara skipar þeim sem ber ábyrgð á uppbyggingu þjálfaramála hjá félaginu. Félag sem er í skuld við KRAFT/ÍSÍ eða í keppnisbanni skv reglum KRAFT/ÍSÍ missir sitt sæti í ráðinu.
 2. Þjálfararáð heyrir beint undir stjórn KRAFT. Formaður ráðsins heldur lista yfir þá sem eru í ráðinu, og sendir stjórn KRAFT skrá yfir meðlimi þess á hverjum tíma, og annast einnig um uppfærslu þess lista þegar breytingar verða á ráðinu. Skipan ráðsins er aðgengileg á kraft.is.
 3. Þjálfararáð skal funda eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður boðar til funda og stjórnar þeim. Formanni er skylt að boða til fundar ef tveir meðlimir ráðs óska þess. Formaður sér til þess að fundir þjálfararáðs séu bókaðir og sér jafnframt til þess að fundargerðir berist ráðsmönnum eftir fundi.
 4. Á fyrsta fundi hvers starfsárs, sem er almanaksárið, skal Þjálfararáð velja formann, varaformann og ritara.
 5. Hlutverk Þjálfararáðs er að:
 - a. vera samráðsvettvangur þjálfara allra félaga innan KRAFT.
 - b. koma með tillögur til stjórnar KRAFT varðandi þjálfunarmál t.d kennslu, námskeið og annað sem stuðlar að uppbyggingu íþróttarinnar sem víðast.
 - c. setja upp landsliðshóp og landsliðsverkefni næsta árs
 - d. gera tillögu um hvaða þjálfari og/eða aðstoðarmenn fari með á hvert mót og nánari atriði um hlutverk þeirra á mótstað hverju sinni
 - e. gera rökstuddar tillögu til stjórnar KRAFT til umsóknar úr afrekssjóði ÍSÍ.
 - f. skipuleggja sameiginlegar landsliðsæfingar reglulega
 - g. önnur þau verkefni er stjórn KRAFT kunni að fela ráðinu
 6. Tillögur þær sem Þjálfararáðið sendir til stjórnar KRAFT skulu samþykktar af a.m.k. 2/3 hlutum þjálfara er sitja í ráðinu. Atkvæðagreiðsla getur farið fram með rafrænum hætti, en formaður stjórnar ber ábyrgð á varðveislu atkvæða sem greidd eru með þeim hætti.
 7. Þjálfararáð skal halda fundargerðir um störf sín og senda stjórn KRAFT sem fyrst eftir hvern fund.
 8. Þjálfararáð skal skila skýrslu um störf sín á starfsárinu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Skýrslan verður til umræðu á kraftlyftingafingi.
- Þannig samþykkt á fundir stjórnar KRAFT þ. 8.júni 2016